

Hafnarfjarðarbær, Umhverfis- og tæknisvið
Bjarki Jóhannesson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar
Strandgötu 8
220 Hafnarfjörður

Umhverfisstofnun
Áb. _____
04 MARS 2010 10. 4. 2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. mars 2010
Tilvísun: UST20100100436/áb

Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025, Suðvesturlínur.

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar dags. 15. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér styrkingu á flutningskerfi raforku innan bæjarfélagsins og er hluti af stærra verkefni Suðvesturlína sem eiga að styrkja flutning raforku á milli raforkuvirkjana og neytenda á Suðvesturlandi. Skipulagið gerir ráð fyrir að reyst verði nýtt tengivirki, öðru breytt, nýjar háspennulínur lagðar bæði í loft og jörð, ásamt niðurrifi Hamraneslínu. Í skipulaginu er fjallað um tvo valkosti er varða staðsetningu nýs tengivirkis og lagningu háspennulína frá því.

Að mati Umhverfisstofnunar fela helstu áhrif fyrrgreindrar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins í sér áhrifum á landslag og sjónræn áhrif, áhrif á jarðmyndanir og áhrif á vatnsvernd.

Landslag og ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif skipulagstillögunnar á landslag. Ljóst er að ný mannvirki tengd Suðvesturlínum ofan byggðar munu hafa töluverð áhrif á ásýnd svæðisins ekki síst þar sem gert er ráð fyrir byggð ofan iðnaðarsvæðisins. Því munu á skipulagstímanum liggja tvöfaldar eða þrefaldar háspennlínu milli íbúðarsvæðis og iðnaðarsvæðis. Línurnar munu því rýra þar landslag og hafa töluverð sjónræn áhrif. Skipulagið gerir einnig ráð fyrir fjölgun háspennulína sunnan Helgafells. Umrætt svæði er vinsælt útivistarsvæði og voru nýlega friðlýst svæði í nágrenni fyrirhugaðra háspennulína. Ljóst er að fjölgun háspennulína munu hafa veruleg sjónræn áhrif og rýra þar með upplifun útivistarfólks á svæðinu. Að framansögðu eru líkur á að aðalvalkostur fyrir línulagnir á aðalskipulagi hafi minni ásýndaráhrif en kostur 2.

Umhverfisstofnun telur niðurrif Hamraneslína hafa jákvæð umhverfisáhrif í för með sér, bæði á landslag og fuglalíf.

Náttúruvernd

Suðvesturlínur þvera Reykjanesfólkvang samkvæmt skipulagstillögunni, en mörk svæðisins hafa ekki verið dregin á uppdrátt er fylgir erindinu. Telur stofnunin nauðsynlegt að merkja mörk fólkvangsins inn á skipulagsuppdráttinn. Reykjanesfólkvangur er friðlýstur fólkvangur en samkvæmt 38. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ber að leita leyfis stofnunarinnar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum.

Ný lína verður lögð eftir eldri línuleið á öllum þessum svæðum, sem lágmarkar rask á hrauni enda verður hægt að nýta núverandi línuveg að mestu. Hins vegar verður við Hafnarfjörð um Hrutagjárdyngjuhraun, Selárhraun og Geldingahraun brotið nýtt land fyrir nýjar háspennulínur. Slóðagerð, uppsetning mastra og bygging tengivirkis mun raska hrauni sem er verndað samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, og fellur undir hverfisverndarsvæði C á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að reynt verði að hlífa hrauni og einstaka jarðmyndunum eins og kostur er á þessu og öðrum svæðum sem verða fyrir slíkri röskun. Umhverfisstofnun styður mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila, að merkja yfir framkvæmdartímann náttúruvætti Litluborgir ofan Helgafells, eins og gert verður við fornleifar á línuleiðinni, til að fyrirbyggja skemmdir.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ber að leita leyfis stofnunarinnar fyrir framkvæmdum á friðlýstum svæðum. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að þetta komi fram í skipulagsskilmálum aðalskipulagsins.

Gróðurfar og vatnsvernd

Framkvæmdaraðili fyrir Suðvesturlínum hefur staðið fyrir rannsókn á sýnilegum gróðurskaða við háspennumöstur á Suðvesturlandi, en rekja má skaðann til síns sem veðrast af háspennumöstrum. Sem mótvægisáðgerð er það lagt til að hafa línuvegi og plön undan helstu úrkomuátt við ný möstur, ásamt því að tryggja möstur með hágæða sínkúð frá framleiðanda.

Suðvesturlínur munu liggja yfir brunnsvæði við Helgafell og á grannsvæði vatnsverndar í Hafnarfirði. Umhverfisstofnun telur jákvætt að framkvæmdaraðili fari ekki í framkvæmdir yfir vetrarmánuði, þegar meiri líkur eru taldar á mengunarslysum. Út frá vatnsverndarsjónarmiðum, áhrifa á gróður og ásýnd landslags telur Umhverfisstofnun æskilegt að lágmarka umferð um línuslóða, að aflokinni framkvæmd.

Valkostir

Í meðfylgjandi umhverfisskýrslu er fjallað er um núllkost og tvo valkosti fyrir nýtt tengivirki í landi Hafnarfjarðar. Núllkostur hefur í för með sér óbreytt ástand lína og er neikvætt fyrir útivistarupplifun innan eða við byggð og á fuglalíf. Að viðteknum mótvægisáðgerðum, þá felst í báðum valkostum fyrir Suðvesturlínur röskun á tiltölulega ósnortnu landi, og þá aðallega hrauni sem er verndað samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999. Það mun skaða útivistarupplifun utan byggða. Hinsvegar telst aðalvalkostur valda minni skaða í þessu tilliti, einkum vegna þess að þar er farið skemur "*inn á ósnert svæði*". Lagning Suðvesturlína mun einnig hafa í för með sér aukna áhættu fyrir vatnsverndarsvæði Hafnarfjarðar og telst það vera neikvætt fyrir báða valkosti, en jákvætt fyrir núllkost. Ef Suðvesturlínur verð lagðar telur Umhverfisstofnun að í hvívetna eigi að leitast við að raska sem minnst einkennandi jarðmyndunum og þá sérstaklega hrauni, og haga framkvæmdum þannig að hægt sé að endurheimta svæði í framtíðinni. Slík staða væri æskileg varðandi núverandi línusvæði, þar

sem farið verður í niðurrif lína sem mótvægisáðgerð við lagningu nýrra háspennulína.

Virðingarfyllt

Ásgeir Björnsson

Ásgeir Björnsson
sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson

Ólafur A Jónsson
deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun